

Skýrsla vegna ytra mats Krikaskóla – staða í janúar 2023



Tilgangur ytra mats grunnskóla er að meta hvort skólastarf sé í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og uppfylli ákvæði í lögum og reglugerðum. Matið er umbótamiðað og varpar ljósi á styrkleika skólans ekki síður en það sem betur má fara.

Matsaðilar á vegum Menntamálastofnunar heimsóttu Krikaskóla vegna ytra mats 18. - 20. október 2021. Matsaðilar voru þrír og fylgdust með skólastarfinu, hittu fjölbreytta rýnihópa og stjórnendur í viðtölum.

Niðurstöðum var skilað til skólans í formi skýrslu í byrjun desember 2021. Kynning fyrir starfsfólk skólans var svo haldin 6. desember í fjarfundi. Upplýsingabréf um helstu niðurstöður voru sendar til foreldra grunnskólabarna og skólastjóri kynnti helstu niðurstöður matsins til Fræðslunefndar Mosfellsbæjar á fjarfundi 19. janúar 2022.

Starfshópurinn í Krikaskóla notaði starfsdag 3. janúar 2022 í að ræða ytra matið og hefja vinnu við umbótaáætlun skólans. Þar koma fram okkar viðbrögð við þeim ábendingum sem ytra matið dró fram sem tækifæri til umbóta.

Það er mjög gagnlegt að fá utanaðkomandi sérfræðinga inn í skólann til að rýna og veita endurgjöf. Þar kemur fram sýn ótengds aðila sem á ekki hagsmuna að gæta og er ekki litáður af viðkomandi skólasamfélagi. Það er óendanlega dýrmætt og við þökkum kærlega fyrir tækifærið.

Stöðuskýrsla vegna ytra matsins liggur nú fyrir en umbætur eru í eðli sínu í stöðugu flæði innan skólans. Sumum verkþáttum er lokið, aðrir eru í vinnslu og öðrum verður aldrei lokið. Gert er grein fyrir stöðu málsins í janúar 2023 og þeim verkþáttum umbótaáætlunar sem ekki á að ljúka eða taka stöðu á fyrr en í lok skólaársins 2022-2023.

Mosfellsbær 9.2.2023

Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla

Svið I – Stjórnun og fagleg forysta

- **Skrásetningar á verklagi og upplýsingum**

Upplýsingar um verkaskiptingu stjórnenda liggja fyrir í áætlunum og farið er yfir þær í upphafi skólaárs. Þegar forföll verða þá riðlast slík verkaskipting milli stjórnenda og forgangsriðun verkefna verður önnur. Slíkur sveigjanleiki er mikilvægur í litlum skóla en hefur áhrif á verkaskiptingu og sýn starfsfólks.

Nýting á gögnum um árangur og líðan barna til að bæta og efla kennslu er viðfangsefni teyma skólans. Skráning á þeim þáttum birtist í skólanámskrá og þeim áætlunum sem gerðar eru. Teymi árganga taka á þeim málum bæði í langtímaáætlunum sínum en einnig dags daglega með inngripum.

Endurskoðun skólareglna er í vinnslu og við tókum þá ákvörðun að gefa okkur góðan tíma í þá umræðu með öllum árgöngum skólans. Reglunum var í raun lítið breytt við fyrstu yfirferð og því töldum við mikilvægt að dýpka samtalið.

Skráning á teyimum og hverjir sitja í þeim er lokið. Birting þeirra upplýsinga kemur fram í starfsáætlun 2023-2024 og á nýrri heimasíðu skólans.

- **Virkja foreldra til þátttöku við stefnumótun**

Foreldrar eru mikilvægustu samstarfsaðilar hvers skóla. Það er gríðarlega mikilvægt að ná fram þeirra sjónarmiðum við alla mótun. Ný menntastefna Mosfellsbæjar er nú í innleiðingarferli og hennar mun gæta í nýjum áætlunum frá þessu skólaári og næstu ár. Einn af hornsteinum hennar er að foreldrum gefist kostur á að taka þátt í að þróa og bæta skóla- og frístundastarf.

Haldnir verði fræðslu- og kynningarfundir eftir þörfum fyrir foreldra. Heimili og skóli voru með fræðslufund fyrir foreldra 13. september 2022 um mikilvægi foreldra í skólastarfinu.

Fræðsluerindið var vel sótt af foreldrum. Nú á vordögum verður haldin kynningarfundur og/eða skólalöng með foreldrum sem því miður hefur frestast nokkuð vegna veikinda lykilmóðs.

- **Heimasíða**

Til stóð að koma nýrri heimasíðu skólans í loftið á síðasta skólaári. Það verk hefur ekki verið klárað. Beðið er eftir hönnunarhópi og að forritarar ljúki sinni vinnu fyrir Mosfellsbæ en allir grunnskólar sveitarfélagsins bíða spenntir eftir að þessari vinnu ljúki.

Reynt hefur verið að halda við eldri heimasíðu en það gengur illa þar sem umsjón frá rekstraraðila kerfisins hefur verið hætt.

Birting gagna og annarra upplýsinga hefur því ekki verið með þeim hætti sem við kjósum helst en unnið er í málunum á öllum vígstöðvum.

- **Skólaráð – starfsáætlun og vinnureglur**

Skólaráð setti sér starfsáætlun og fundaskipulag fyrir skólaárið á sínum fyrsta fundi. Þar með hefur formið verið unnið og verður það prófað skólaárið 2022-2023.

- **Starfsáætlun frístundar**

Lagt var til að frístund legði fram sína starfsáætlun en hún kemur fram í starfsáætlun skólans sem heildar. Við höfum ætíð lagt áherslu á að Krikaskóli væri einn heildstæður skóli þar sem starfið flæddi milli þeirra ólíku eininga sem mynda hann. Það er hins vegar mikilvægt að setja fram þann hluta úr starfsáætlun skólans sem á við frístundastarf hans meðal annars til að gera viðmið og samanburð mögulegan. Heimasíða skólans mun verða sú birtingarmynd.

Svið II – Nám og kennsla

- **Markmið kennslustunda**

Unnið hefur verið að málum jafnt og þétt í teyllum skólans. Umræða hefur verið um hvernig hægt sé að koma þessu við í lengri viðfangsefnum og þemaverkefnum skólans. Þau eru hins vegar brotin niður í smærri einingar sem hægt er að markmiðssetja fyrir hvern tíma eða lotu.

- **Skráning og vinna með námsmat**

Lögð var töluverð vinna í endurskoðun námsmats skólans af kennurum. Um mitt skólaár 2021-2022 var skipt um kerfi til að halda utanum námsmatið og farið yfir í námsmat með Google Sheets sem þróað var af Ingva Hrannari Ómarssyni og fleirum. Samið við Bergmann Guðmundsson með aðstoð við uppsetningu og fyrstu skref. Hann aðstoðaði okkur einnig við aðlögun skjala að okkar skólastærð og gerð. Ákveðið var að prófa að ljúka skólaárinu 2021-2022 með nýjum hætti en raunveruleg prófraun yrði skólaárið 2022-2023 og þá kæmi í ljós hvort þessi leið uppfyllir þá ósk okkar að gera námsmat skólans aðgengilegra fyrir foreldra. Sjá nánar <https://ingvihrannar.com/namsmat-gert-baedi-einfalt-og-fljotlegt/>

- **Kennsluáætlanir**

Allar kennsluáætlanir eru klárar og þemavinna hefur aftur verið færð í sérstaka áætlun en er ekki fléttuð inn í aðrar áætlanir eins og gert var í tilraunaskyni.

- **Aðgerðir til að auka árangur nemenda og læsisstefna**

Áætlun liggur fyrir hjá leikskólabörnum skólans undir heitinu „Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi“. Unnið er að gerð sambærilegrar áætlunar með áherslu á lestur og lestrarnám yngsta stigs grunnskólans. Gerð hennar hefur seinkað vegna óvæntra forfalla og fjarveru lykilaðila. Við gerum ráð fyrir að ljúka gerð hennar á þessu skólaári.

- **Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur**

Heildaráætlun fyrir Krikaskóla er tilbúin en ákveðið var að vinna hana í miklu samráði við fræðsluvið Mosfellsbæjar. Þannig gætti samræmis og yfirferð málaflokksins færi fram í öllum skólum. Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur verður því birt á heimasíðu skólans um leið og samræmingu er lokið hjá fræðsluviði.

- **Þjálfun í markvissri samvinnu og samstarfi nemenda**

Undir þessum lið hefur verið unnið mikið starf og fjölmörgum samstarf og samvinnuverkefnum komið aftur af stað í skólanum.

- ✓ Sameiginleg söngstund í sal skólans alla föstudaga.
- ✓ Eldri börnin lesa fyrir yngri börnin og þjálf sig með þeim hætti.
- ✓ Eldri börnin aðstoða við ýmsa þætti í umönnun yngri barnanna með vali í frístundastarfi.
- ✓ Ævintýraferðir í útikennslu hófust aftur sem lágu niðri að mestu í faraldrinum.
- ✓ Þemadagar komust aftur á dagskrá með aðkomu allra í skólanum, dagur íslenskrar tungu, 100 daga hátíð, dagur leikskólans, öskudagur, dagur stærðfræðinnar og fleira mætti telja.
- ✓ Vinavika var skipulögð í tengslum við baráttudag gegn einelti 8. nóvember 2022.
- ✓ Jólball var haldið allir saman í sal undir lifandi tónlist sem flutt var af foreldri og starfsfólki skólans.

- **Kenna nemendum að setja sér markmið í námi**

Markvisst hefur verið unnið með markmiðssetningu þetta skólaár. Ljóst er að börnin eru mikið að setja sér persónuleg markmið en ekki námsmarkmið. Þau er hins vegar mjög

styðjandi við námið í skólanum – s.s. eins og markmið um að hlusta betur, spyrja ef þú ert óörugg eða svo framvegis. Unnið verður áfram með þennan lið innan skólans.

- **Skrá verklag um Skólaping Krikaskóla**

Skráð hefur verið verklag og birtist það á heimasíðu skólans.

- **Forvarnaráætlun gegn einelti**

Verið er að vinna í forvarnaráætlun innan skólans. Unnið er í málum sem upp koma innan skólans eftir þeim leiðum sem þróaðar hafa verið. Enn hefur forvarnaráætlun skólans samt ekki verið gefin út í endanlegri mynd þar sem mikil gerjun og þróun hefur verið í málaflokknum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur leitt verkefni frá skólaárinu 2021-2022 um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum. Stofnuð hafa verið forvarnarteymi í öllum grunnskólum og von er á leikskólahlutanum í verkefninu á þessu skólaári. Mikil fræðsla er partur af þessu verkefni sem við viljum tileinka okkur inn í forvarnaráætlun skólans.

Að sama skapi er verið að vinna að þrepaskiptum stuðningi í tengslum við farsældarlögin svo kölluð. Sú vinna er einnig í gangi í skólanum og kemur mjög að þeim forvörnum sem unnið er með innan skólans. Þessar áherslur þurfa að sjást í allri áætlunargerð skólans og því erum við að leggja okkur fram um að gera vel og flýta okkur ekki.

- **Gera betur grein fyrir áherslum skólans og fyrirkomulagi lestrar-og skriftarkennslu**

Umræða inn í samráð barna, kennara og foreldra í gegnum foreldraviðtöl var efld og þar voru þessir þættir ræddir sérstaklega við foreldra. Í haustkynningu skólans 2022 lögðu kennarar einnig áherslu á þetta samtal.

Lagt hefur verið til að gerð verði stutt myndbönd í skólanum sem skýra ýmsa þætti í starfi hans í starfendarannsóknnum grunnskólakennara vorið 2023. Þar kæmi m.a. fram hugmyndafræðin sem liggur að baki framkvæmdinni.

Lestrarstefna skólans sem unnið er að mun einnig skýra málið en hún verður birt á heimasíðu skólans.

Svið III – Innra mat

- **Matsáætlun til 3ja til 5 ára**

Skólastjóri hefur lagt fram drög að áætlun sem rædd verður bæði á kennarafundi og í matsteymi skólans. Áætlunin mun birtast í matsskýrslu 2022-2023 og unnið verður á hennar grunni í starfsáætlun 2023-2024. Matsáætlun verður birt á heimasíðu skólans.

- **Þróun matsskýrslu**

Matsteymi mun klára skilgreiningar og langtímaáætlun mats. Ljóst þarf að vera hvernig matsþættir endurspeglar markmiðum skólans og hugmyndafræði hans. Áætlunin þarf einnig að ná til tímasettra þátta og mælikvarða.

- **Matsteymi**

Matsteymið hefur verið stofnað og samanstendur af fulltrúum leikskólakennara, grunnskólakennara, fulltrúa frístundar og skólastjórnenda. Vorið 2023 mun það setja saman og vinna við matsskýrslu skólans með virkari hætti en verið hefur.

- **Upplýsingargjöf til alls starfsfólks um innra mat**

Fara skal yfir matsskýrslu liðins skólaárs á starfsmannafundi eða starfsdegi. Fram kom í rýnihópum að allt starfsfólk var meðvitað um innra mat skólans, hvaða gögn væru nýtt og í hvaða tilgangi. Þetta er verkefni sem þarf að vera í stöðugt í gangi og áherslunar að endurspeglar veruleikann.

- **Helstu styrkleikar og tækifæri komi fram í matsskýrslu**

Bæta þarf við kafla og draga fram helstu styrkleika og tækifæri. Það hefur verið gert í SVÓT-greiningu teyma sem hefur stundum verið unnin. Ljóst er að mikilvægt er að halda slíkum greiningum áfram og gera sérstaklega grein fyrir henni.

Að sama skapi hafa slíkar upplýsingar einnig komið fram fleiri þáttum og gert hefur verið grein fyrir þeim þar. Matsaðilar leggja til að gerður verði sérkafla en ekki fléttað inn í aðra kafla skýrslunnar.

- **Tímasett umbótaáætlun í matsskýrslu**

Umbótaáætlun hefur ekki verið útfærð í matsskýrslu heldur í starfsáætlun næsta skólaárs. Það er verklag sem okkur hugnast. Umbætur er lagðar til í matsskýrslu og þær nefndar þar. Þær eru svo útfærðar og gert grein fyrir þeim með skýrari hætti í starfsáætlun. Einstakir þættir umbóta birtast svo í kennsluáætlunum viðkomandi árgangs eða árganga. Matsteymið mun skoða hvernig heppilegast sé að þetta komi fram og hvernig það nýtist skólastarfinu.

- **Kynning mats og umbætur**

Kynningu þarf matsteymið að standa fyrir að loknu mati ársins. Það má gera með fundi, bréfi eða rafrænni kynningu fyrir foreldra. Mikilvægt er að foreldrar heyri og sjái hvernig matið hefur áhrif á áætlanir, bæði til lengri og skemmri tíma.

Svið IV – Frístundastarf

- **Stefnumótun frístundastarfs**

Áætlað var að setja á starfshóp milli frístundaúrræða hvers grunnskóla í Mosfellsbæ. Hafin var vinna en henni var frestað vegna samkomutakmarkana. Sameiginleg vinna hefur ekki farið fram en aukning hefur orðið á samstarfi verkefnastjóra frístundar á hverjum stað fyrir sig. Áfram verður unnið að verkefninu í tengslum við nýja menntastefnu Mosfellsbæjar – *Heimurinn er okkar*.

- **Undirbúnings og samráðsfundir**

Skipulagi var breytt og nú fundar frístundarteymið mánaðarlega á föstudagsmorgnum. Að sama skapi jókst undirbúningstími frístundar með ráðningu tómsundafræðings til hliðar við verkefnastjóra frístundar.

- **Starfslýsingar**

Á fundi skólastjóra með öllu starfsfólki frístundar á starfsdegi í október 2022 var farið yfir starfslýsingar. Þær liggja allar fyrir en hver og einn vinnur eftir nokkrum starfslýsingum. Við fundarborðið voru fimm einstaklingar sem allir eru í ólíkum störfum en sameinast í frístundastarfinu. Það var mjög gott að fara yfir málin og fyrir alla að skynja að þeir eru ekki með eina starfslýsingu heldur flæða á milli eftir ólíkum hlutverkum dags daglega.

- **Upplýsingar til foreldra um starfsfólk**

Starfsfólk var kynnt fyrir foreldrum á haustkynningu 2022-2023. Sérstök áhersla var á foreldra barnanna sem voru að byrja grunnskólagönguna sína. Að sama skapi verður lögð áhersla á upplýsingar á nýrri heimasíðu skólans.

- **Upplýsingar um viðfangsefni frístundar**

Gerð er áætlun fram í tímann fyrir frístundastarfið í hverjum mánuði. Það er mikilvægt að hún verði kynnt sérstaklega fyrir foreldrum með fjölbreyttum hætti. Ný heimasíða skólans mun koma til móts við þennan þátt í starfi frístundar